

Alþingi
Erindi nr. P 133/193
komudagur 22.11.2006



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 12
IS 108 Reykjavík
Iceland

Tel +354 591 4400
Fax +354 591 4401

Reykjavík 14.nóvember 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Mál nr. 276

info@flgroup.is
www.flgroup.is

FL Group vill koma að athugasemdum varðandi tvær greinar frumvarpsins. Annars vegar 3. gr. er lýtur að breytingum á 9. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt. Hins vegar að 9. gr. frumvarpsins sem lýtur að breytingu á lögum staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (arðstekjur)

1. Um 3. gr. frumvarpsins.

Í dag ríkir veruleg réttaróvissa um skýringu 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga. Þar sem með frumvarpinu er stefnt að breytingum á ákvæðinu, ætti, vegna framangreindrar óvissu að endurskoða ákvæðið í heild.

Skilyrði frádráttarbærni arðstekna erlendis frá samkvæmt ákvæðinu er í fyrsta lagi að hið erlenda félag sem greiðir arðinn hafi ekki greitt skatta í lægra skatthlutfalli en lægst gerist í OECD ríkjum.

Hins vegar er skilyrði að þeir skattar sem lagðir eru á hið erlenda félag séu sambærilegir við þá skatta sem lagðir eru á á Íslandi.

Þetta síðara skilyrði er mjög óskýrt. Ljóst er að skattar og undanþágur eru mjög misjöfn milli landa og frekar undantekning en regla að tekjur erlendra aðila sé skattlagðar að með sambærilegum hætti og gerist hér á landi.

Telja verður að eðlilegt sé að skapa skýra hlutlæga reglu. Er það til hagræðingar fyrir skattkerfið og fyrirtækin í landinu og um leið jákvætt skref í að gera Ísland samkeppnishæfara við nágrannalöndin á sviði viðskipta. Hvergi í nágrannalöndunum er að finna sambærilegt ákvæði. Sú óvissa sem fyrir hendi er hefur neikvæð áhrif á hið íslenska umhverfi.

Lausn gæti verið að kveða á um að arður frá EES og OECD ríkjum sé alltaf frádráttarbær en frá öðrum ríkjum hafi viðkomandi félag hafi ekki greitt skatta í lægra hlutfalli en lægst gerist innan OECD eða EES.

2. Um 9. gr. frumvarpsins.

Framangreint ákvæði frumvarpsins gerir ráð fyrir að undanþiggja arðgreiðslu frá dótturfélagi til móðurfélags staðgreiðslu séu þau samsköttuð sbr. 55. gr. laga nr. 90/2003.

Suðurlandsbraut 12
IS 108 Reykjavík
Iceland

Í athugasemdum með frumvarpinu er ekki að neinu leyti gert grein fyrir aðdraganda eða tilgangi með ákvæðinu né heldur gert grein fyrir því af hverju þessi tiltekna leið var valin en ekki önnur.

Tel +354 591 4400
Fax +354 591 4401

Samkvæmt 9. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt eru arðgreiðslur sem hlutafélög fá frá öðrum hlutafélögum frádráttarbærar tekjur í skattalegu tilliti og því ekki skattlagðar. Undanfarin misseri hefur verið nokkur umræða um staðgreiðslu skatts á arð milli hlutafélaga og þá einkum að óeðlilegt sé og ósanngjarnt að haldið sé eftir skatti af arði sem greiddur er frá einu hlutafélagi til annars. Eins og að framan greinir greiða hlutafélög ekki skatt af arðstekjunum. Hins vegar fær hlutafélag ekki nema 90% arðsins við úthlutun en 10% skila sér ekki fyrir en jafnvel 18 mánuðum síðar.

info@flgroup.is
www.flgroup.is

Dæmi: Glitnir Banki hf. úthlutaði arði í mars 2006. Bankinn hélt 10% arðsins eftir í staðgreiðslu. Þann 31. janúar 2007 mun bankinn skila ríkissjóði umræddum 10%. Í nóvember 2007 munu hluthafar sem eru hlutafélög, þ.á.m. FL Group, fá framangreindan 10% hlut arðsins endurgreiddan frá ríkissjóði án vaxta eða verðtryggingar.

Flugleiðir hf. (nú FL Group) sóttu á árinu 2005 um undanþágu frá framangreindri staðgreiðslu að því er varðar arð frá dótturfélögum sínum. Fjármálaráðuneytið hafnaði umsókninni og vísaði til þess að ekki væri lagaheimild til að veita undanþáguna.

Þann 8. apríl 2005 ritaði KPMG fjármálaráðuneytinu bréf vegna málsins f.h. Flugleiða og lagði til lagabreytingu. Bréfinu fylgdu tillögur og greinargerð.

Megintillagan gekk út á að arður frá einu hlutafélagi til annars væri í öllum tilvikum undanþeginn staðgreiðslu. Rökin voru að arður milli hlutafélaga væri í öllum tilvikum undanþeginn tekjuskatti sbr. fyrrgreindan 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga.

Varatillaga gekk út á að arður á milli samskattaðra félaga væri undanþeginn staðgreiðslu eins og nú er lagt til í frumvarpinu. Erfitt er að finna sérstök rök fyrir þeirri afmörkun.

Það vekur athygli að frumvarpshöfundar tilgreina í athugasemdum engin rök fyrir hinu tilgreinda ákvæði frumvarpsins né fyrir því af hverju þessi tiltekna leið var valin en ekki sú að undanþiggja arð milli hlutafélaga í öllum tilvikum. Telja verður að sú leið sé sanngjarnari og eðlilegri en sú leið sem valin er.

Mörg félög starfa sem fjárfestingar- og/eða eignarhaldsfélög um hluti í öðrum hlutafélögum. Tekjur þeirra byggjast að stórum hluta á arði frá félögum sem fjárfest er í. Sá arður er svo greiddur áfram til hluthafa í eignarhaldsfélögunum og því aftur haldið eftir 10% fjármagnstekjuskatti af sömu fjármununum ef svo má segja. FL Group er dæmi um slíkt félag en alls ekki hið eina.

Þessi “skattheimta” sem felst í staðgreiðslu skatts á arðgreiðslur hefur áhrif á mat á íslenskum fyrirtækjum sem fjárfestingarkostum.


Þá er rétt að benda á að erlendir aðilar geta notið betri stöðu en íslenskir að því er þetta varðar. Þannig geta aðilar frá tilteknum ríkjum sem eiga meira en 10% hlut í íslenskum fyrirtækjum fengið undanþágu frá staðgreiðslu skatts á arðstekjur á grundvelli tvísköttunarsamninga¹. Enginn vafi er að sú staðreynd hefur haft áhrif í þá átt að íslenskir aðilar hafa stofnað eignarhaldsfélög erlendis um eignarhluti í íslenskum félögum. Telja verður að það sé þróun sem löggjafinn ætti með öllum ráðum að reyna að sporna við.

Almenn undanþága væri tæknilega ekki vandkvæðum bundin enda fjölmargir aðilar nú þegar undanþegnir staðgreiðsluskatti af arðstekjum, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og skiptir því vart máli þótt hlutafélög væru almennt undanþegin staðgreiðsluskuldunni.

Í ljósi framangreinds skorar FL Group á Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að beita sér fyrir breytingum á frumvarpinu í þá átt að arðstekjur á milli hlutafélaga sé ætíð undanþeginn staðgreiðsluskatti enda um tekjur að ræða sem ekki eru skattlagðar í hendi þeirra.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd FL Group hf.



Bernhard Bogason

Fylgiskjal:

Bréf KPMG dags. 8. apríl 2005

¹ Ekki er lagaheimild til þeirrar undanþágu frekar en um arð á milli íslenskra hlutafélaga.

Fjármálaráðuneytið
Hr. Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri
Arnarhváli
150 Reykjavík

Reykjavík 8. apríl 2005

Efni: Fjármagnstekjuskattur af úthlutuðum arði.

FL Group hf. (áður Flugleiðir hf.) hafa óskað eftir því að skattasvið RSK 5.32 erindi til fjármálaráðuneytisins varðandi undanþágu frá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af úthlutuðum arði. Tilfnið er bréf Fjárvakurs f.h. FL Group dags. 25. janúar 2005 og fjármálaráðuneytisins og svar fjármálaráðuneytisins dags. 31. janúar 2005. Með bréfi sínu hefur fjármálaráðuneytið beiðni Fjárvakurs fyrir hönd Flugleiða hf. um undanþágu frá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts.

Fallast má á það með fjármálaráðuneytinu að ekki er til lagaheimild til undanþágu frá staðgreiðsluskyldunni og í því ljósi er beiðni um undanþágu óskiljanleg. Hins vegar má benda á að ríkisskattstjóri telur sig hafa heimild til að veita undanþágu frá staðgreiðsluskyldunni að því er varðar vaxtatekjur erlendra aðila og hefur í þessu kynni verið gefið sérstakt eyðublað RSK 5.32 til að sækja um slíka undanþágu. Vaxtatekjur erlendra aðila eru ekki skattskyldar hér á landi en þær falla þó undir lög nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum, rétt eins og arður frá dótturfélögum FL Group hf.

Telja verður óeðlilegt að veita undanþágu frá staðgreiðsluskatti af arðstekjum einkahlutafélaga og hlutafélaga. Tekjur þessara draga skatt af tekjum í nafni slíkra félaga sbr. 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og skattskyldu tekjufélaga. Verið að halda eftir skatti af tekjum sem í raun eru ekki skattskyldar. Undanþágu frá staðgreiðslu skatts af tekjum erlendra aðila eins og rakið er hér að framan er runnin af sama meiddi. Grundvöllurinn hlýtur að vera undanþiggja staðgreiðslu tekjur sem í raun eru ekki skattskyldar Íslandi.

Þegar litið er sérstaklega til atvika í máli FL Group hf. þá verður ennfremur að telja afar óeðlilegt að halda þurfi eftir fjármagnstekjuskatti af arði dótturfélaganna til móðurfélagsins. Arðurinn er greiddur áfram út til hluthafa FL Group hf. og því tvisvar haldið eftir 10% fjármagnstekjuskatti af þeim fjármunum sem um ræðir.

Samkvæmt framangreindu er það okkar álit að staðgreiðsluskylda fjármagnstekjuskatts af arðstekjum hlutafélaga sé óeðlileg vegna tveggja mismunandi sjónarmiða. Í fyrsta lagi vegna þess að almennt er verið að halda eftir skatti á tekjur sem eru undanþegnar skattskyldu. Í öðru lagi, í tilvikum fyrirtækjasamstæðu, þá er óeðlilegt og í andstöðu við grundvallarrök að baki heimild til samsköttunar sbr. 55. gr. tsl. að haldið sé eftir fjármagnstekjuskatti af arðgreiðslu frá dótturfélagi til móðurfélags. Kemur það enn skýrar fram þegar móðurfélagið greiðir arð til sinna hluthafa og heldur aftur eftir fjármagnstekjuskatti af sömu fjármunum. Vegna þessara mismunandi sjónarmiða eru til tvær lausnir sem fela í sér breytingu á lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjum. Er þess hér með óskað að ráðuneytið taki málið til skoðunar á þeim grundvelli að lögleiða undanþágu frá skattlagningu arðgreiðslna frá dótturfélagi til móðurfélags.

1) Almenn breyting vegna einkahlutafélaga og hlutafélaga.

Best væri að breyting sem þessi kæmi fram sem viðbót við 2. gr. laganna en sú grein skilgreinir skattskylda aðila samkvæmt lögnum.

Í stað orðanna 3. mgr. í lokamálslið 1. mgr. 2. gr. koma orðin “3. og 4. mgr.”
Við bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. svohljóðandi:

“Undanþegnir skyldu skv. 1. mgr. til að sæta innheimtu skatts skv. 1. gr. af arði eru þeir lögaðilar sem tilgreindir eru í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt”.

Framangreint hefði í för með sér að ekki þyrfti að halda eftir staðgreiðsluskatti af arði þegar hann er greiddur til hlutafélaga. Rétt er að taka fram að ekki hefur verið kannað sérstaklega hvort undanþáguákvæði sem þetta bryti í bága við samninginn um evrópska samsvæðið sbr. sérstaklega í því sambandi dóm Efta-dómstólsins í málinu nr. E-1/04 er varðaður samningu arðs í Noregi og mismunandi reglur að því er varðaði innlenda og erlenda aðila.

(Sjá á fylgiskjali 1 hvernig ákvæðið í heild yrði eftir framangreinda breytingu)

2) Breyting vegna samskattaðra félaga.

Við álitum að best væri að breyting sem þessi kæmi fram í 4. gr. laganna þar sem skattstofn er skilgreindur. Arður á milli samskattaðra félaga væri tilgreindur sem skattstofn samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjum.

Við 3. mgr. 4. gr. bætist við nýr málsgrein svohljóðandi:

“Þó skal ekki teljast til skattstofns arður sem tekur til á milli aðila sem fengið hafa heimild til samsköttunar sbr. 59. gr. laga nr. 90/2003.”

Framangreint hefði í för með sér að þessu sé höfð á að halda eftir fjármagnstekjuskatti af arði sem úthlutað er á milli þeirra félaga sem samskattað hafa fengið heimild til samsköttunar.

(Sjá á fylgiskjali 1 hvernig ákvæðið í heild yrði eftir framangreinda breytingu)

Greinargerð með frumvarpi að framangreindum breytingum myndi byggjast á þeim sjónarmiðum sem rakin eru hér að framan.

Ljóst er að tekjutap fyrir ríkissjóð er í raun ekkert nema tapaðar vaxtatekjur af fjármunum sem ríkinu ber í raun ekki að fá. Það vaxtatap er samsvarandi því vaxtatapi sem fyrirtækin sem um ræðir verða fyrir í dag.

Virðingarfyllst,

Bernhard Bogason

KPMG

Afrít:

Pétur Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Fylgiskjal 1

2. og 4. gr. laga nr. 90/1996 eins og þær myndu verða eftir breytingu

Skattskyldir aðilar.

2. gr.

- (1) Skyldir til að greiða skatt skv. 1. gr. og sæta innheimtu í staðgreiðslu hans eru allir þeir sem fá vaxtatekjur og arðstekjur, sbr. þó 3. og 4. mgr.
- (2) Greiðsluskylda samkvæmt þessari grein tekur til þeirra lögaðila sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 2., 3., 5., 6. og 7. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla þessara aðila er fullnaðargreiðsla án þess að fram þurfi að fara frekari ákvörðun eða álagning tekjuskatts á vexti eða arð hjá þeim. Þó skulu þeir aðilar, sem þessi málsgrein tekur til og sjálfir annast um innheimtu vaxta í eigin lánaumsýslu eða fá vaxtatekjur sem ekki er dregin af staðgreiðslu, t.d. afföll eða gengishagnaður, skila greinargerð um þær vaxtatekjur til skattyfirvalda og standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu [sbr. 7. gr.] Þeir aðilar, sem þessi málsgrein tekur til og hafa aðrar fjármagnstekjur en vexti og arð, skulu sömuleiðis standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu sbr. [7. gr.] Skal ríkisskattstjóri setja nánari reglur um skilgreinar og skil í þessu sambandi.
- (3) Undanþegnir skyldu skv. 1. mgr. eru: [- -] erlend ríki og aðildarstofnanir, Lánasjóður íslenskra námsmanna, Byggðastofnun, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður námsmanna, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Lánasjóður sveitarfélaga og Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Seðlabanki Íslands, [verðbréfasjóður, sbr. lög um verðbréfasjóði, nr. 10/1993]2) lánastofnanir sem skattskyldar eru samkvæmt lögum nr. 65/1982, með síðari breytingum, [líftryggingafélag, sbr. 23. gr. laga nr. 60/1994, og lífeyrissjóðir, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða.]
- (4) Undanþegnir skyldu skv. 1. mgr. til að sæta innheimtu skatts skv. 1. gr. af arði eru þeir lögaðilar sem tilgreindir eru í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt

Skattstofn.

4. gr.

- (1) Vaxtatekjur til staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum teljast vextir og afföll, sbr. 8. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, svo sem:
 1. Vextir af innstæðum í hagskerfnum, þróunarsjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, á póstgíróreikningum og orlofsfjárfestingum, svo og vextir af verðbréfum sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum. Til vaxta teljast einnig fremur verðbætur á höfuðstól og vexti, verðbætur á inneignir og kröfur sem bera eða hafa og happdrættisvinningar sem greiddir eru í stað vaxta.
 2. Vextir af stofnsjóðseign í gegnveitnum váttrygginga- og ábyrgðarfélögum, kaupfélögum og öðrum samvinnufélögum, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.
 3. Vextir hjá innlendum aðilum af sérhverjum öðrum innstæðum og inneignum en um getur í 1. og 2. tölul., þar með taldir vextir af vixlum, verðbréfum og öllum öðrum kröfum sem bera vexti. Með vöxtum teljast einnig verðbætur og happdrættisvinningar á sama hátt og um getur í 1. tölul.
 4. Hvers kyns tekjur af hlutdeildarskírteinum.
 5. Hvers kyns tekjur af lífeyristryggingum, söfnunartryggingum, einstaklinga hjá tryggingafélögum.
 6. Hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum sem telja má til vaxta af þeim, sbr. þó 2. mgr.
- (2) Ekki skal telja gengishagnað til stofns til staðgreiðslu. Um skattgreiðslu af slíkum tekjum fer eftir lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og skal skatturinn ákvarðaður við álagningu opinberra gjalda næsta ár á eftir tekjuári ásamt álagi á skattfjárhæðina samkvæmt þeim lögum.
- (3) Stofn til staðgreiðslu sem arður samkvæmt lögum þessum teljast tekjur, sbr. 4. og 5. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. fjárhæð sú er félög skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981 greiða eða úthluta. Þó skal ekki teljast til skattstofns arður sem úthlutað er á milli aðila sem fengið hafa heimild til samsköttunar sbr. 55. gr. laga nr. 90/2003.